

Lög fjelagsins voru samþykkt á fundi þess 20. september 1921 og þá kosin stjórn fyrir fjelagið og hlutu þessir kosningu: Jón Sveinsson framkvæmdarstjóri, Oddur Ívarsson og Guðmundur Hróbjartsson meðstjórnendur. 164

Undirskrift framkvæmdarstjóra eins skuldbindur fjelagið, en auk þess hefir Oddur Ívarsson prókúru:

Framkvæmdarstjóri ritar firmað þannig:

F/f. „Sækarl“

Jón Sveinsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. F/f. „Sækarl“

O Ívarsson.

Hafnarfirði, 3. október 1921.

Jón Sveinsson. Oddur Ívarsson.

Guðmundur Hróbjartsson.

Pjetur J. Vermundsson.

6. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar að vjer höfum veitt verslunarmanni Þórarni Egilsson prókúruumboð fyrir oss, lögum samkvæmt.

Firmanafn vort ritar hann þannig:

pr. pr. Bookless Bros

Þórarinn Egilson.

Hafnarfirði, 26. nóvember 1921.

D. H. Bookless.

Auglýsing

165

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1921.

Skrás. 1921 nr. 1.

Tilkynt 14. desember 1920, kl. 6 síðdegis, af Chevrolet Motor Company of Michigan, verksmiðjurekstur, Flint, Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. janúar 1921.

CHEVROLET


Lýsing á merkinu: Orðið: CHEVROLET.

Samkv. tilk. 4. okt. 1913, er merkið skrásett í Washington 31. mars 1914 fyrir bifreiðar, bifvjela-akfæri og hluta af þeim.

165

Skrás. 1921 nr. 2.

Tilkent 14. desember 1920, kl. 6 síðd., af Westinghouse Union Battery Co., verksmiðjurekstur, Swissvale, Pennsylvania, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. janúar 1921.



Lýsing á merkinu: Aflangur ferhyrningur með sneiddum hornum; innan í honum stendur orðið: WESTINGHOUSE á ská frá horni til horns, en sitt hvoru megin við það eru stafirnir W og U fljettaðir saman, og stendur stafurinn B efst innan í U fyrir ofan W, en stafirnir C og O fyrir neðan W, einnig innan í U.

Merkið er samkvæmt tilk. 7. júlí 1920, skrásett í Washington 2. nóv. s. á., fyrir rafmagnsgeyma og samtengiáhöld til þeirra.

Skrás. 1921 nr. 3.

Tilkent 14. desember 1920, kl. 6 síðd., af Dollfus-Mieg & Cie, verksmiðjurekstur, Mulhouse (Haut-Rhin) Frakklandi, og skrásett 20. janúar 1921.



Lýsing á merkinu: Mynd af bjöllu með kórónu yfir.

Merkið er skrásett fyrir garn, tvinna, band, dregla og vefnað af öllum gerðum.

Samkv. tilk. 31. desember 1919, er merkið skrásett í París fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1921 nr. 4.

165

Tilkynt 16. desember 1920, kl. 5 síðd., af Richard Haworth and Company, Limited, baðmullarvefnaðargærd, Manchester, Englandi, og skrásett 22. janúar 1921.



Lýsing á merkinu: Orðin: „SPERO“ MAKE á breiðu bandi og innan í því skjöldur, sem skift er til helminga. Hjartarhöfuð tvö eru í skildinum, sitt í hvorum helming. Á sveig yfir skildinum er hjartarhöfuð, og fyrir neðan hann eru orðin: Quod ero spero, letruð á borða.

Samkv. tilk. 29. nóv. 1906, er merkið skrásett í London 9. ágúst 1907, 24. flokki, fyrir allskonar baðmullarvefnað.

Skrás. 1921 nr. 5.

Tilkynt 21. janúar 1921, kl. 5 síðd., af The American Tobacco Company, tóbaksgerð, New-York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. febrúar s. á.




Lýsing á merkinu: Rjettthyrndur einkennismiði, sem skiftist í fjóra hluta, er standa samhliða og atlaðir eru til að hafa utan á öskjur um brjefvindla. Ysti hlutinn til hægri, sem og næst ysti til vinstri, eru mjóir með lárjettum línunum. Í næst ysta hlutanum til hægri sjest hálf sól, er geyslar stafa frá, og standa orðin: SWEET CAPORAL, þvers um yfir geislana. Í sólinni er mynd af tyrkneskri húfu. Fyrir neðan sólina stendur: Kinney Bros, ásamt ummælum um vöruna. Í ysta hlutanum til vinstri eru efst ýms ummæli um vöruna, en þar

165 undir til hægri, lárjettar línur og yst til vinstri aflangur hvítur reitur.

Samkv. tilk. 23. nóv. 1892, er merkið skrásett í Washington 19. nóv. 1895 fyrir vindla, endaskorna vindla (Cheroots), vindlinga og reyktóbak.

Skrás. 1921 nr. 6.

Tilkynt 21. janúar 1921, kl. 5 sídd., af Perry & Company, Limited, verk-smiðjurekstur, Birmingham, Englandi, og skrásett 15. febrúar s. á.




Lýsing á merkinu: Yst er svört umgerð, er myndar aflangan ferhyrning, en innan í henni er á ská upp og niður, breitt, svart band og stendur til vinstri við það á ská orðið: PERRY, en frá bandinu ofanverðu hægra megin liggur annað mjórra band niður í hornið þeim megin, en í horninu þar uppi yfir, er skáferhyrningur og í hann letrað: & P Co.

Merkið er skrásett fyrir pappír (þó eigi veggfóður), ritföng og bókband.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, hefir merkið verið skrásett í London 5. apríl 1889, 39. flokki, fyrir ofangreindar vörutegundir, en tilkynnandi verið skrásettur sem eigandi merkisins 1. júní 1904.

Skrás. 1921 nr. 7.

Tilkynt 21. janúar 1921, kl. 5 sídd., af The West of England Bacon Co, Limited, flešk- og svínafeitissala, Calne, Wiltshire; Cardrew, Redruth, Cronwall: and Town Mills, Totnes, Devonshire, Englandi, og skrásett 15. febrúar s. á.



Lýsing á merkinu: Mynd af hálfri sól og ganga út frá henni upp á við 7 geislar, en uppi yfir henni stendur í hálfhring orðið: SUNSET, og er hver stafur í milli tveggja geisla.

Merkið er skrásett fyrir flešk, reykt svínslæri, svínakjöt, bjúgur, svínafeiti og aðrar svínakjötsafurðir, sem notaðar eru sem fæða.

Samkv. tilk. 20. des. 1916, er merkið skrásett í London, 42. flokki, 10. júlí 1917, fyrir ofanskráðar vörutegundir.

Skrás. 1921 nr. 8.

165

Tilkynt 5 febrúar 1921, kl. 2 sídd., af söðlasmíðabúðinni „Sleipnir“, söðla- og aktýgjasmíði, Reykjavík, og skrásett 15. febrúar s. á.



Lýsing á merkinu: Mynd, er tákna á Óðinn, ríðandi á hestinum „Sleipni“.

Skrás. 1921 nr. 9.

Tilkynt 1. apríl 1921, kl. 5½ sídd., af The Willys-Overland Company, bifreiðagerð, Toledo, Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. s. m.



Lýsing á merkinu: Tveir hringar; annar, sá stærri, lykur um þann minni, en innan í minni hringnum eru stafirnir W og K saman bundnir. Milli hringanna stendur efst: WILLYS, en neðst: KNIGHT.

Merkið er skrásett fyrir bifreiðar, bifvjalaaktæki og bifhjólhesta.

Samkv. tilk. 26. maí 1916, er merkið skrásett í Washington 5. septbr. s. á. fyrir ofangreind flutningstæki.

Skrás. 1921 nr. 10.

Tilkynt 1. apríl 1921, kl. 5½ síðd., af sama, og skrásett 5. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðið OVERLAND, skráð skáhalt upp á við með skriflettri.

Merkið er skrásett fyrir bifreiðar.

Samkv. tilk. 21. septbr. 1908, er merkið skrásett í Washington 26. janúar 1909 fyrir áðurgreind flutningstæki.

Skrás. 1921 nr. 11.

Tilkynt 1. apríl 1921, kl. 5½ síðd., af The Borden Company, verksmiðju-rekstur, New York, N. Y., Bandaríkjum N-Ameríku, og skrásett 5. s. m.



Lýsing á merkinu: Orðið PEERLESS prentað á skáhalt band og nær upphafstafur orðsins ögn upp og niður fyrir bandið.

Merkið er skrásett fyrir mjólk, niðursoðna mjólk, áir, þurkaða mjólk, rjóma, þurkaðan rjóma, smjör og ost.

Skrás. 1921, nr. 12.

165

Tilkynt 21. maí 1921, kl. 5 síðd., af Husqvarna Vapenfabriks Aktiebolag, verksmiðjurekstur, Husqvarna í Svíþjóð, og skrásett 7. júlí s. á.




Lýsing á merkinu: Gotneski bókstafurinn H, með kórónu yfir.

Samkv. tilk. 28. febr. 1906, er merkið skrásett í Stokkhólmi 5. júlí s. á, og sú skrásetning síðan endurnýjuð 20. júní 1916.

Skrás. 1921, nr. 13.

Tilkynt 21. maí 1921, kl. 5 síðd. af sama og skrásett 7. júlí s. á.



Lýsing á merkinu: Sporöskjulagaður hringur og innan í honum annar minni. Efst milli hringanna stendur orðið: HUSQVARNA, en neðst er lítill

165 hringur, er lárviðargreinar ganga út frá. Innan í minni hringnum er stafurinn H, og yfir honum kóróna.

Samkv. tilk. 12. febr. 1901, er merkið skrásett í Stokkhólmi 26. s. m. fyrir saumavjelar, og sú skrásetning endurnýjuð 14. febr. 1911.

Skrás. 1921, nr. 14.

Tilkynt 27. maí 1921, kl. 5½ síðd., af C. F. Rich & Sønner A/S., kaffi-
bætis- og kaffirótarverksmiðja, Kaupmannahöfn, og skrásett 7. júlí s. á.



Lýsing á merkinu: Einkennismiði með rauðum grunni og í honum miðju-
um aflangur hvítur reitur. Í hvíta reitnum er landlagsmynd með 2 gjósandi
hverum milli fjallshlíða og þar fyrir ofan orðið: GEYSIR, en fyrir neðan
myndina, í sjerstakri umgerð, milli tveggja smáreita með myndum af drekum,
standa í tveim línnum orðin: Exportkaffesurrogat. Besti kaffibætur. Þar undir
eru prentuð á íslensku, meðmæli með vörunni og undirskrifuð: C. F. Rich &
Sønner A/S. Köbenhavn, K. Hægra og vinstra megin við hvíta reitinn eru
litlir, hringmyndaðir, hvítir reitir, og í þeim mynd af kaffikvörn og orðin:
Export-Caffe. C. F. Rich & Sønner Aktieselskab.

Samkv. tilk. 15. jan. 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 5. febr. s. á., fyrir kaffirót og kaffibæti. **165**

Skrás. 1921, nr. 15.

Tilkynt 16. júní 1921, kl. 6 síðd., af The Texas Company, verksmiðju-rekstur, Port Arthur í Texas og New York, N. Y. Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. júlí s. á.

TEXACO

Orðið: TEXACO.

Samkvæmt tilkynningu dags. 27. maí 1905, er merkið skrásett í Washington 4. desember 1906 fyrir steinolíu, olíu til ljósa, smurningsolíur og jarðbiksolíur.

Skrás. 1921, nr. 16.

Tilkynt 16. júní 1921, kl. 6 síðd., af Aktiebolaget Jernverksmagasin, járnvöruverslun, Malmö í Svíþjóð, og skrásett 15. júlí s. á.

ARIEL

Orðið: ARIEL.

Samkvæmt tilkynningu dags. 10. júní 1920, er merkið skrásett í Stokkhólmi 3. ágúst s. á. fyrir eldavjelar, reykháflúgur og múraðar reykjarpípur fyrir ofna, og ber að skoða orðið ARIEL sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

Skrás. 1921, nr. 17.

Tilkynt 16. júní 1921, kl. 6 síðd. af sama, og skrásett 15. júlí s. á.

GEYSIR

Orðið: GEYSIR.

Samkvæmt tilkynningu dags. 11. apríl 1911, er merkið skrásett í Stokkhólmi 24. maí s. á. fyrir eldstór og eldavjelar, og ber að skoða orðið Geysir sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

165

Skrás. 1921, nr. 18.

Tilkynt 16. júní 1921, kl. 5 síðd., af Ajax Rubber Company, Inc, togleðursgerð, Millbrook, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. júlí s. á.

AJAX ROAD KING

Orðin: AJAX ROAD KING í bogadreginni línu.

Samkvæmt tilkynningu dags. 28. maí 1917, er merkið skrásett í Washington 11. des. s. á. fyrir bifreiða- og reiðhjólahljólgarðir úr togleðri með striga að innan.

Skrás. 1921, nr. 19.

Tilkynt 23. júní 1921, kl. 5 síðd., Af Nordiska Kullager Aktiebolaget, verksmiðjurekstur, Göteborg í Svíþjóð, og skrásett 21. júlí s. á.

NKA

Stafirnir NKA samtengdir, og nær stafurinn K upp og niður fyrir hina tvo stafina.

Samkvæmt tilkynningu dags. 30. sept 1919, er merkið skrásett í Stokkhólmi 28. okt. s. á. fyrir kúluleg, ásleg, kringluleg, orkuleiðslutæki, reiðhjól, vagna, flutningatæki og hluta í þessar vörur.

Skrás. 1921, nr. 20.

Tilkynt 23. júní 1921, kl. 5 síðd., af The Borden Company, verksmiðjurekstur, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 21. júlí s. m.




Mynd af fugli (örn), með útpanda vængi, sem ber í nefi sjer 3 bönd og stendur á einu þeirra orðið: EAGLE, á öðru orðin: GAIL BORDEN og á því þriðja orðið: BRAND,

Samkvæmt tilkynningu dags. 10. mars 1920, er merkið skrásett í Washington 14. des. s. á. fyrir mjólkurbúsafurðir svo sem: nýmjólk, undanrennu og rjóma; gerilsneydda, niðursoðna, vatnssneydda, þjettaða eða þurkaða mjólk og rjóma, með eða án annara efna; maltborna mjólk: ísrjóma; nærandi kjarnseyði fyrir tilbúna drykki svo sem kaffi, með eða án bætiefna; sykurvörur svo sem „Karamellur“ og „Karamel-paste“.

Skrás. 1921, nr. 21.

Tilkynnt 30. júní 1921, kl. 2 síðd., af Fairbanks, Morse & Co., verksmiðju-rekstur, Chigaco í Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 29. júlí s. á.




Innsiglismyndaður einkennismiði með hring utan um hönd, sem ber lóð milli stafanna F. og M. Utan um hringinn standa orðin: „FAIRBANKS-MORSE QUALITY“ og „100%“.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 26. júní 1920, er merkið skrásett í Washington 14. des. s. á. fyrir rafvjarlar og hreyfivjarlar.

Skrás. 1921, nr. 22.

Tilkynnt 30. júní 1921, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 29. júlí s. á.



165

Innsiglistmyndaður einkennismiði með hring utan um hönd, sem ber 168 milli stafanna F og M. Utan um hringinn standa orðin: „FAIRBANKS-MORSE QUALITY“ og „100%“.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 26. júní 1920, er merkið skrásett í Washington 1. febr. 1921 fyrir gas- steinolíu-, bensín- og hráolíuvjelar, eimdælur og afl-dælur, vindmylnur og mölunarmylnur.

Skrás. 1921, nr. 23.

Tilkynnt 30. júní 1921, kl. 2 síðd., af Aktiebolaget J. V. Svensons Motor-fabrik, vjelaverksmiðja, Augustendal, Stokkhólmi í Svíþjóð, og skrásett 29. júlí s. á.

AVANCE

Orðið: AVANCE. Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 10. febr. 1913, skrásett í Stokkhólmi 11. s. m., sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir hreyfi-vjelar og áhöld þau, er þeim fylgja, svo sem snara- og merkitæki, eimreiðar og eimskreiðar, handreiðar, vagna, vökvadælur og loftdælur, sprautur, þjappara, rafali, vindur og lyftur, búnaðaráhöld og -vjelar, svo sem þreskivjelar, kvarnir, plóga og plægivjelar, vjelgröfur, grjótbórunarvjelar, grjótmulningsvjelar, fjaðra-hamra og lofthamra, viðarkljúfa, sagir, blaðskrúfur, kælara, eima, eimsvala, ljós- og hitunartæki, svo sem steinolíuvjelar og -lampa, sprittvjelar og -lampa, skip og báta, steypa hluti úr járne og öðrum málmum, vjelsmurningsolíu og olíuhreinsunartæki.

Skrás. 1921, nr. 24.

Tilkynnt 21. júlí 1921, kl. 12 á h., af Joseph Watson & Sons, Limited, sápugetðarmenn, Leeds í Englandi, og skrásett 9. ágúst s. á.



Myndastytta af Venus og á hana letrað: VENUS DE MILO. Merkið er

skrásett í London 31. mars 1879, 47. flokki fyrir almenna sápu, og 48. flokki fyrir ilmsápu, og sú skrásetning síðast endurnýjuð 31. mars 1921. Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni er merkið skrásett sem eign tilkynnanda 24. ágúst 1897.

165

Skrás. 1921, nr. 25.

Tilkynt 26. júlí 1921, kl. 11 f. h., af Arvika-Verken, vjelaverksmiðja, Arvika í Svíþjóð, og skrásett 12. ágúst sama ár.

VIKING

Orðið: VIKING. Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 3. mars 1909, skrásett í Stokkhólmi 6. apríl s. á. sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir plóga, herfi, „Kultivatorer“, sáðvjarlar, hestahaka, hestahrífur, heysnúara, heyþjappara, hestavindur, þreskivjarlar, sáðhreinsara, kvarnir, sáðmjölna, olíukökumjölna, beinmjölna, rótskera, hálmkurlara, áburðardreifia, steinolíumótora, bensínmótora, svo og sláttu- og uppskeruvjarlar.

Skrás. 1921, nr. 26.

Tilkynt 26. júlí 1921, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 12. ágúst s. á.

HERKULES

Orðið: HERKULES. Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 22. maí 1920, skrásett í Stokkhólmi 15. júní s. á. sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir plóga, herfi, „Kultivatorer“, hreinsara, haka, sáðvjarlar, sláttu- og uppskeruvjarlar, uppskerutæki, sjálfbindara, hrífur, hey- og hálmþjappara, þreskivjarlar, hestavindur, hálmkurlara, fræ- og sáðhreinsara, rótskera, fóðurkökumjölna, hratkvarnir, mómjölna, mótora — þó eigi reiðhjólámótora —, smjörbústæki, landbúnaðarvjarlar og garðyrkjutæki yfirleitt — þó eigi fyrir hluti eins og leg, hjólslithólka og hjólnöf.

Tilkynt 30. júlí 1921, kl. 12 á h., af Aktiebolaget B. A. Hjorth & Co., verksmiðjurekstur, Stokkhólmi í Svíþjóð, og skrásett 16. ágúst s. á.

PRIMUS


Orðið: PRIMUS.

Merkið er samkvæmt tilkynningum dags. 1. okt. 1897 og 9. febr. 1906, skrásett í Stokkhólmi 6. des. 1897, sem sjerstaklegt tilbúið heiti fyrir steinolíu-suðuvjelar og hluta úr þeim, jafnvægi fyrir þær til notkunar í skipum, steinolíueldstór, steinolíubökunarofna, steinolíusteikaraofna, steinolíuofna, steinolíustrauofna, steinolíukaffibrennara og ristir í steinolíusuðuvjelar, og 31. mars 1906 ennfremur fyrir stéðja, ása, bifreiðar, brýni fyrir hnífa og skæri, baðeldstór, baðofna, baðker, smiðjubelgi, blástursvjelar, blakkir, nafra, byggingartól, bindivjelar, hemla, snarali, hverfisteina, borstál, bursta, bensínsuðuvjelar, slökkvikrana, slökkvitæki, borunaráhöld, borunarvjelar, snara, beygijvjar, eldsneyti, bökunarofna, miðdepluhaldara, miðdeplivjelar, miðdeplitæki, aflvindur, uppþvottavjelar, handreiðar og hluta úr þeim, dráttarútbúnað, demanta, draghjól, hurðarlokur, hurðarspengur, hjólteina, ejetora, eggjárn, smiðjur, þjalir, gluggakróka, gluggajárn, frystivjelar, blævengi, ávaxtatínara, ávaxtaflysjara, núningsstengsl, fresa og fresavjelar, sverfivjelar, gassuðuvjelar, gaffla, gafflafægjara, ísbúðingsvjelar, skrúf-skurðartæki, málmsteypuvjelar og -tæki, skáskurðartæki, handsláttuvjelar, málmsteypuáhöld, skrúf-skurðarvjelar, gasofna, hersluofna, hömrunarvjelar, lyftivjelar, lyftitæki, hamra, hjólása, hjólbyssur, hjólnöf, handklæðagrindur, höggtæki fyrir trje, grjót, járn og aðra málma, haka, hjól og hluta þeirra, herfiduft, hrossa- og hundahlífar, hælreka, hjólhnoða, glóðarristir, þefla, heflivjelar, hjólskorpunartæki, ísskápa, ískælara, ísfötur, injektora, efnasamsetningar fyrir rjómabú, eldstæði, kaffibrennara, tappatogara, suðulát, hnífa, hníffægjara, kjötmylnur, kerrur, tengsli, ofnhurðir, fatahengjara, suðuáhöld, mylnur, kvarnir, skepnumúla, jötur, eimvatnsræsi, strengi, haldtengur, tannhjól, kembivjelar, kylfur, steypumót, grjóthaka, kúlar, keðjur, eftirlitsáhöld, lampa, ljóstæki, skrár, kveikingatæki kveikingasamsetninga, fermingar- og affermingartæki, hleðslutæki, línur, blýlokur, mjólkursúr, smjörgerðarvjelar, kefli, hreyfivjelar, mælingaráhöld, húsgagnaspengur, pela, vjelar og áhöld til hreinsunar á ávöxtum og til að burtnefna kjarna o. fl., mótorhluta, leðjuvjelar, þrýstingsmæla, mælitæki og -áhöld, mekanískan aflflutningsútbúnað, ostagerðarvjelar, olíuhreinsara, olíugeyma, ostahnífa, ostahöldur, olíurannsókartæki, olíur, „Ovalværk“, pjátraraverkfæri, pjátraravjelar, dælur, regnhlífagrindur, sópa- og ryksogunarvjelar með loftþrýsting, kartöfluflysjarar, „Paternoster“-tæki, þjettingar, fægiefni, meitla- og hnoðtæki með loftþrýsting, þjappara, jafnara,

reimar, pípustýfara, raspa, miðstöðvarofna og hluta þeirra, reiknivjolar, þurk-
hús, reimhjól, ryðvara, pípuverkfæri, reimaáburð, respiratora, teikniáhöld, 165
reimlokur, skilvindur og hluta þeirra, strokka, smjörhnoðunar- og hreinsunarvjarlar
sprittsuðuvjarlar, eldavjarlar, straujárnl, skeiðar, brýnslutæki, brýnsluvjarlar, brýnslu-
hjól, þrjónavjarlar, smíðaverkfæri, smíðavjarlar, smurningstól, smurningskönnur,
sagir skrúfstykki, skrúfilykla, skrallbora, skæri, sleggjur, uppskeruvjarlar, smíða-
mót, slöngur, skauta, skautaólar, skottæki, spjöld, grafali, rennitæki, sögunarvjarlar,
skurðarverkfæri fyrir trje, stimpilvjarlar, teina, teinatengingar, rennistál, ritvjarlar,
sogflöskur, spunavjarlar, skrúfþvingur, aktýgi og hluta þeirra, rennibekki, sköft
trönnur, kantbeyggjutengur, tannbeyggjutengur, smergil-ljereft og -pappír, sand-
pappír, rekur og skóflur, þvottavjarlar, þvottaáhöld, trjevinsluvjarlar, tengur, afl-
færara, þurkofna, garðyrkjutæki, axarsköft, axir, vinduvjarlar, hitunarvjarlar, verk-
færavjarlar, spil, ventla, vatnstrog fyrir skepnur, vogir, verkfærastál, vefstóla og
vefnaðarvjarlar, skiftitæki og hluta þeirra, verkfærahaldara, „Vaterpas“, loftræs-
ara, vagnaáhöld, vatnsleyðsluáhöld, akuryrkjutól og -vjarlar, eimkatlar og smíðjur.

Skrás. 1921, nr. 28.

Tilkynnt 16. ágúst 1921, kl. 4 síðd., af Maxwell Motor Company, Incorporated, bifreiðagerð, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.



Skjöldur með rákum langs eftir og hringur í miðju. Þvers yfir skjöldinn er skáhallur flötur, sem á stendur orðið: MAXWELL.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 10. septbr. 1920, er merkið skrásett í Washington 26. apríl 1921 fyrir bifreiðar.

Skrás. 1921, nr. 29.

Tilkynnt 16. ágúst 1921, kl. 4 síðd., af The Studebaker Corporation, bifreiðagerð, South Bend í Indiana og Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.



Mynd af bifreiðahjóli og þvers yfir það flötur, sem stendur á orðið: **STUDEBAKER.**

Samkvæmt tilkynningu, dags. 4. septembr. 1920, er merkið skrásett í Washington 26. apríl 1921 fyrir bifreiðar, vöruflutningsbifreiðar og dráttarvagna.

Skrás. 1921, nr. 30.

Tilkynt 16. ágúst 1921, kl. 4 sídd., af Salt's Textile Company (de France), vefnaðar- og silkivöruframleiðsla, Lyon í Frakklandi, og skrásett 30. s. m.

SALT'S

Orðið: **SALT'S.**

Merkið er samkvæmt tilkynningu, dags. 24. febr. 1921, skrásett í París fyrir afurðir úr ull og hári, silkivörur, það sem unnið er úr hampi, hör, juta og öðrum trefjaefnum, baðmullarvörur, tilbúinn fatnaður af öllum gerðum, vörur fyrir hattaverslanir, kvenskraut, vírborða, hnappa, kniplinga og bönd, skrautfjaðrir, tilbúin blóm, útsaum og kögurvefnað.

Skrás. 1921, nr. 31.

Tilkynt 28. september 1921, kl. 12 á h., af Aarhus Oljefabrik A/S., olúgerð, Aarhus í Danmörku, og skrásett 7. október s. á.

Cottrex

Orðið: **COTTREX.**

Samkvæmt tilkynningu, dags. 16. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 9. júlí s. á. fyrir fituefni úr dýrum og jurtum.

Skrás. 1921, nr. 32.

Tilkynnt 28. september 1921, kl. 12 á h., af sama, og skrásett 7. október s. á.

165


NEUTREX

Orðið: NEUTREX.

Merkið er, samkvæmt tilkynningum dags. 28. júní og 8. ágúst 1901, skrásett í Kaupmannahöfn 11. júlí s. á. sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir pálma og kokosfeiti, og 30. ágúst s. á. fyrir fituefni úr dýrum og jurtum, sem nothæf eru til manneldis eða sem hráefni í mat.

Skrás. 1921, nr. 33.

Tilkynnt 28. september 1921, kl. 12 á h., af A/S. De Danske Spritfabrikker, vínandagerð, Köbenhavn í Danmörku, og skrásett 7. október s. á.



Merkið er í tvennu lagi: 1) Miði, sem festur er á hlið flöskunnar; umgerð miðans er tvöföld; yst blá rönd með smátindum og þar fyrir innan smástrikuð, svört rönd. Innan umgerðarinnar er á ljósgráum grunni hvítur Maltakross á rauðum grunni og stendur þar fyrir ofan með dökkbláu lettri: „DENATURERET SPRIT 93%“, en fyrir neðan með bláu, smástrikuðu lettri: „DANSK SPRIT-CENTRAL“, og með svörtu lettri: „AALBORG. FREDE-

165 RÍCIA. ODENSE. KÖBENHAVN“. 2) Miði, sem festur er á háls flöskunnar; er hann aflangur og ljósblár; í miðju hans er hringur og orðin: „DANSK SPRIT-CENTRAL“ letruð innan í hann með bláu letri, utan um stafina DSC, sem standa með ljósbláu letri á dökkbláum grunni. Beggja megin við hringinn stendur með bláu, smástrikuðu letri: „DENATURERET SPRIT“, og með bláu letri þversum: DSC, og jafnframt hvítur Maltakross á rauðum grunni.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 25. júní 1921, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 23. júlí s. á.

Skrás. 1921, nr. 34.

Tilkynt 5. nóvember 1921, kl. 6 e. h., af firmanu I. & R. Morley, stórkaupmenn, London á Englandi, og skrásett 10. s. m.


THETA

Orðið: THETA.

Merkið er skrásett í London 27. júní 1919, 38. flokki, fyrir fatnað, og er tilkynnandi, samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, skráður sem eigandi merkisins hinn 31. mars 1920.

Skrás. 1921, nr. 35.

Tilkynt 5. nóvember 1921, kl. 6 e. h., af sama, og skrásett 10. s. m.



Hjól með vængjum.

Merkið er skrásett í London 29. maí 1876, 38. flokki, fyrir hatta, klúta, herðafetla úr silki, þrjónles, hanska, hálsbindi, axlabönd og annan tilbúinn fatnað, og er tilkynnandi, samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, skráður sem eigandi merkisins hinn 31. mars 1920.

Skrás. 1921, nr. 36.

Tilkynt 22. des. 1921, kl. 2 síðd., af Cadbury Brothers, Limited, verkmiðjurekstur, Bournville hjá Birmingham, Englandi, og skrásett 27. s. m.

CADBURY

Orðið: CADBURY.

Samkvæmt tilkynningu, dags. 17. júlí 1909, er merkið skrásett í London 24. febrúar 1915, 42. flokki, fyrir kakaó, súkkulaði, konfekt og kex úr súkkulaði, sykur-konfekt, „Bonbons“ tilbúið úr hnetum eða ávöxtum og blóm úr soðnum sykurvörum.

Skrás. 1921, nr. 37.

Tilkynnt 23. des. 1921, kl. 12 á h., af J. S. Fry & Sons, Limited, verk-
simiðjurekstur, Bristol á Englandi, og skrásett 27. s. m.

FRY

Orðið: FRY.

Merkið er skrásett í London 20. maí 1886, 42. flokki, fyrir súkkulaði, kakaó og allar blandanir, sem búnar eru til úr þessum vörutegundum og heyra undir ofangreindan flokk.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, er tilkynnandi skráður sem eigandi merkisins 7. febr. 1896.

Skrás. 1921, nr. 38.

Tilkynnt 23. des. 1921, kl. 12 á h., af J. & J. Colman, Limited, verksmiðju-
rekstur og verslun, Norwich og London á Englandi, og skrásett 27. s. m.



Mynd af nautshöfði.

Merkið er skrásett í London 3. janúar 1876, 42. flokki, fyrir mustarð og næringarsterkju, malað og ómalað hveiti, og 47. flokki, fyrir indigo, „ultra-
marin“-blákkju og línsterkju til þvotta og iðnaðar.

Samkvæmt útskrift úr ensku vörumerkjaskránni er tilkynnandi skráður sem eigandi merkisins 4. febr. 1897.

Tilkent 23. des. 1921, kl. 12 á h. af sama, og skrásett 27. s. m.



Rjettthyrndur, gulur einkennismiði, er skiftist í fjóra hluta, er standa samhliða. Í ysta hlutanum til vinstri stendur með rauðu, svörtu og gyltu letri orðið: MUSTARD milli skjaldarmerkis Noregs að ofan og ítalska og hollenska skjaldarmerkisins neðst, ásamt ummælum um, að verslunarhús tilkynnanda framleiði vörur til afnota við hirðir þessara ríkja. Í næst ysta hlutanum til vinstri stendur efst með samskonar letri orðið: COLMAN'S, en þar fyrir neðan er mynd af nautshöfði á silfur lituðum grunni innan í skrauthring með gyltum tungum. Vinstra megin við myndina stendur með svörtu letri orðið: BULL'S, en hægra megin orðið: HEAD. Fyrir neðan myndina stendur orðið MUSTARD með rauðu, svörtu og gyltu letri, og þar fyrir neðan orðin: DOUBLE SUPERFINE, með svörtu letri. Í næst ysta hluta merkisins til hægri standa þversum, með svörtu og rauðu letri, ummæli um vöruna og samsetningu hennar með undirskrift tilkynnanda. Í ysta hlutanum til hægri standa með rauðum, svörtum og gyltum stöfum orðin: COLMAN'S og MUSTARD, en milli þeirra er mynd af orðum frakknesku heiðursfylkingarinnar milli tveggja verðlaunapeninga. Fyrir neðan orðið Mustard er mynd af nautshöfði á silfurlituðum grunni með gyltum hring utan um, og orðin BULL'S og HEAD skráð sitt hvoru megin við myndina með svörtu letri.

Samkvæmt tilkynningu, 28. des. 1917, er merkið skrásett í London 11. júlí 1918, 42. flokki, fyrir mustard, hvort heldur uppleystan eða þurran.

Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð.

Skrás. 1911, nr. 2.

Det danske Petroleums Aktieselskab, Köbenhavn, frá 3. mars 1921.

Skrás. 1911, nr. 3.

Isidor Nielsens meck. Værksted, Trondhjem, frá 15. mars 1921,

Skrás. 1911, nr. 4.

Det danske Petroleums Aktieselskab, Köbenhavn, frá 18. apríl 1921.

165

Skrás. 1911, nr. 7.

Samband ísl. samvinnufjelaga, Reykjavík, frá 24. okt. 1921.

Og ennfremur hafa verið *afmáð* úr vörumerkjaskránni, samkv. 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1911, nr. 1.

Fredrich Chr Möller, Reykjavík, 18. febr. 1921.

Skrás. 1911, nr. 5. H/f. P. J. Thorsteinsson & Co., Reykjavík, 18. maí 1921.

Skrás. 1911, nr. 6 Cadbury Brothers, Ltd., Birmingham, 19. ágúst 1921.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desember 1921.

Styrkur úr ríkissjóði.

166

14. gr. A. b. 5.

5000 kr. af fje því fyrir árið 1921, er ræðir um í 14. gr. A. b. 5 fjárlaganna fyrir árin 1920 og 1921, og vöxtum Prestsekknasjóðs og Árgjalds-sjóðs 1500 kr., samtals kr. 6500.00, hefir verið úthlutað svo sem hjer segir, og var úthlutun sú samþykkt að því er snertir ríkissjóðsstyrkinn með brjefi kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. júní.

I. Uppgjafaprestar.

1. Jón Ó. Magnússon	kr. 200.00
2. Páll Sívertsen	— 200.00
3. Stefán Stephensen	— 250.00
4. Tómas Björnsson	— 150.00

II. Prestsekkjur.

1. Anna J. Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	kr. 100.00
2. Arnbjörg Einarsdóttir frá Breiðabólstað á Skógarströnd	— 150.00
3. Anna Vilhjálmsdóttir frá Stað í Grindavík	— 100.00
4. Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	— 100.00
5. Ástríður Petersen frá Svalbarði	— 150.00